



Vímuefnaneysla íslenskra unglinga 2003

*Niðurstöður rannsókna á vímuefnaneyslu nemenda
í 10. bekk grunnskóla 1995 - 2003*

*Rannsóknir & greining
Stefán Hrafn Jónsson
Þóroddur Bjarnason
Inga Dóra Sigfúsdóttir
Bryndís Björk Ásgeirsdóttir
Jón Sigfússon*

September 2003



RANNSÓKNIR & GREINING

Centre for Social Research and Analysis

Laugavegi 58b – 101 Reykjavík

sími 535 3800 – netfang rannsoknir@rannsoknir.is

Vímuefnaneysla íslenskra unglunga

**Niðurstöður rannsókna á vímuefnaneyslu
nemenda í 10. bekk grunnskóla 1995-2003**

Rannsóknir & greining

Stefán Hrafn Jónsson

Þóroddur Bjarnason

Inga Dóra Sigfúsdóttir

Bryndís Björk Ásgeirsdóttir

Jón Sigfússon

Unnið að tilstuðlan

Lýðheilsustöðvar / Áfengis- og vímuvarnaráðs

Íþróttá- og tómstundaráðs Reykjavíkur

Samstarfsnefndar um afbrota og vímuefnavarnir.

Október 2003

Rannsóknir og greining

Rit þetta má ekki afrita með nokkrum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án leyfis Rannsókna & greiningar ehf.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Yfirlit mynda.....	4
INNGANGUR	5
I. REYKINGAR MEÐAL NEMENDA Í 10. BEKK GRUNNSKÓLA.....	7
Upphaf reykinga í einstökum árgöngum	9
Breytingar á reykingavenjum 10. bekkina.....	11
II. ÁFENGISNEYSLA MEÐAL NEMENDA Í 10. BEKK GRUNNSKÓLA	13
Upphaf áfengisdrykkju í einstökum árgöngum	15
Breytingar á áfengisdrykkju 10. bekkina.....	16
III. NEYSLA ÓLÖGLEGRA VÍMUEFNA MEÐAL NEMENDA Í 10. BEKK.....	20
IV. AÐGENGI AÐ TÓBAKI, ÁFENGI OG ÖÐRUM VÍMUEFNUM	26

Yfirlit mynda

Mynd 1. Reykingar meðal íslenskra nemenda í 10. bekk 1995-2003.....	8
Mynd 2. Hlutfall nemenda í 10. bekk 1995-2003 sem hafa reykt sígarettur 11-15 ára.....	10
Mynd 3. Breytingar á reykingavenjum 10. bekkinga 1995-2003.....	11
Mynd 4. Áfengisneysla meðal nemenda í 10. bekk 1995-2003.....	13
Mynd 5. Hlutfall nemenda í 10. bekk sem höfðu orðið drukknir 11-15 ára.....	15
Mynd 6. Breytingar á drykkjumynstri nemenda í 10. bekk 1995-2003.....	17
Mynd 7. Hlutfall nemenda í 10. bekk sem drukkið hafa mismunandi tegundir áfengis sl. 30 daga.....	18
Mynd 8. Hlutfall nemenda í 10. bekk sem drukkið hafa heimabruggað eða smyglað áfengi sl. 30 daga.....	19
Mynd 9. Neysla ólöglegra vímuefna meðal nemenda í 10. bekk 1995-2003.....	21
Mynd 10. Hlutfall nemenda í 10. bekk 1995-2003 sem prófað höfðu hass 11-15 ára.....	23
Mynd 11. Hlutfall nemenda í 10. bekk sem telja ólögleg vímuefni hættuleg.....	24
Mynd 12. Hlutfall nemenda í 10. bekk sem telja fremur eða mjög auðvelt að útvega sér ýmis vímuefni ef þeir kærðu sig um.....	27
Mynd 13. Hlutfall nemenda sem telja sig auðveldlega geta keypt hass á tilteknum stöðum.....	28

INNGANGUR

Áreiðanlegar upplýsingar um vímuefnaneyslu ungmenna eru forsenda markvissrar stefnumótunar og árangursríks forvarnarstarfs. Spurningalistakannanir meðal skólanema eru tiltölulega áreiðanleg leið til að meta útbreiðslu löglegra og ólöglegra vímuefna og er þeirri aðferð nú beitt hvarvetna á Vesturlöndum. Á Íslandi eiga rannsóknir af þessu tagi sér um þrjátíu ára sögu. Framan af voru þær gerðar af nokkrum vanefnum, úrtök voru lítil og bundin einstökum landsvæðum. Vímuefnakönnun landlæknisembættisins árið 1984 var fyrsta rannsóknin sem byggði á stóru úrtaki ungs fólks á landinu öllu og gaf því tiltölulega áreiðanlega mynd af ástandi mála. Á næsta áratug stóðu ýmsir aðilar að nokkrum stórum vímuefnarannsóknum meðal skólanema. Niðurtöður þessara rannsókna eru ekki fyllilega sambærilegar þar sem árstími rannsókna, sá aldurshópur sem rannsóknir náðu til, orðalag spurninga, úrtaksaðferðir og fleiri aðferðafræðilegir þættir voru með ýmsum hætti. Af þeim má þó nokkuð ráða um breytingar í þessum efnum fram undir miðbik tíunda áratugar síðustu aldar. Svo virðist sem talsvert hafi dregið úr neyslu áfengis, tóbaks og ólöglegra vímuefna meðal íslenskra unglunga frá 1984 til 1989, en eftir það hafi neysla slíkra efna aukist að nýju.

Haustið 1993 hófst samstarf evrópskra rannsóknaraðila um athuganir á vímuefnanotkun skólanema sem hlotið hefur nafnið *European School Survey Project on Alcohol and other Drugs* (ESPAD). Á þeim tíma höfðu vandaðar vímuefnarannsóknir verið stundaðar um áratugaskeið í mörgum Evrópulöndum en vegna ólíkra rannsóknarhefða í einstökum löndum hafði samanburður þeirra þó verið ýmsum vandkvæðum háður. Í því skyni að efla samanburðarrannsóknir á vímuefnaneyslu ungmenna var stofnað til ESPAD samstarfsins að aðilum sem stundað höfðu slíkar rannsóknir um árabíl.

Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála (RUM) hafði veg og vanda af verkefninu á Íslandi fyrstu árin með tilstyrk menntamálaráðuneytis, Reykjavíkurborgar og fleiri. Frá árinu 1999 hefur rannsóknarmiðstöðin Rannsóknir og greining séð um framkvæmd verkefnisins með stuðningi fjölda aðila bæði einstaklinga og stofnana. Þá hafa skólastjórnendur stutt verkefnið dyggilega og gert kleift að leggja rannsóknirnar fyrir í öllum grunnskólum landsins á rannsóknartímabilinu.

Fyrsta ESPAD könnunin á vegum RUM var lögð fyrir 15-16 ára skólanema í 26 löndum vorið 1995 og markaði hún þáttaskil í evrópskum vímuefnarannsóknum.

Rannsóknarverkefningu er ætlað að fylgjast með breytingum á vímuefnaneyslu ungmenna með stöðluðum könnunum á fjögurra ára fresti. Önnur ESPAD rannsóknin fór fram vorið 1999 og voru þátttökupjóðirnar þá orðnar þrjátíu talsins. Alls tóku 35 þjóðir þátt í þriðju ESPAD rannsókninni vorið 2003 og er nú unnið að úrvinnslu á niðurstöðum hennar. Niðurstöður úr einstökum þáttum ESPAD verkefnisins hafa birst í mörgum helstu fræðitímaritum á sviði vímuefnarannsókna.

Þátttaka Íslendinga í evrópska ESPAD-verkefningu hefur orðið íslenskum vímuefnarannsóknnum talsverð lyftistöng. Stöðluðum spurningum og aðferðafræði hefur verið beitt nær árlega í íslenskum könnunum frá árinu 1995 og hefur þannig myndast vísir að traustum langtímagögnum hér á landi. Með þeim má skoða vímuefnaneyslu íslenskra ungmenna í víðara samhengi og meta að hvaða marki hún sé raun hluti af alþjóðlegu vandamáli. Slíkar upplýsingar eru sérstaklega mikilvægar þeim sem að forvarnarstarfi standa. Vímuefnaneysla í einstökum löndum markast af alþjóðlegum straumum og taka verður tillit til þess þegar breytingar á slíkri neyslu eru metnar. Þannig getur lítilsháttar aukning vímuefnaneyslu til dæmis bent til nokkurs varnarsigurs ef neyslan eykst umtalsvert meira í öðrum löndum. Með sama hætti gæti lítilsháttar minnkun neyslunnar bent til að betur þurfi að standa að forvarnarmálum ef neyslan minnkar meira í öðrum löndum.

Í þeirri umfjöllun sem fer hér á eftir verður sjónum þó einkum beint að breytingum á vímuefnaneyslu íslenskra ungmenna á tímabilinu 1995-2003. Samanburður við önnur lönd verður kynntur sérstaklega hér á landi í tengslum við útgáfu alþjóðlegrar skýrslu þriðju ESPAD rannsóknarinnar í árslok 2004.

I. REYKINGAR MEÐAL NEMENDA Í 10. BEKK GRUNNSKÓLA


Árið 1974 hófust reglulegar kannanir á reykingum meðal barna og unglunga í Reykjavík á vegum borgarlæknis/héraðslæknisins í Reykjavík.¹ Það ár kváðust 34% fimmtán ára unglunga og 42% sextán ára reykvísra unglunga reykja daglega, og er það hæsta hlutfall reykinga í þessum aldurshópi sem mælst hefur hérlandis. Jafnt og þétt dró úr reykingum ungmenna í Reykjavík á næstu áratugum, og varð hlutfall reykinga meðal þeirra lægst árið 1990 þegar 12% fimmtán ára unglunga og 14% sextán ára unglunga kváðust reykja daglega. Nokkurt bakslag hafði orðið í þessum efnum árið 1994 þegar þetta hlutfall mældist 18% meðal fimmtán ára unglunga og 22% meðal sextán ára unglunga. Það ár var þó langt frá því að reykingar hefðu náð því stigi sem þær voru á þegar fyrstu kannanir um þetta efni voru gerðar árið 1974.

Árið 1995 fór fyrsta ESPAD rannsóknin fram á Íslandi og upp frá því hafa staðlaðar ESPAD spurningar um reykingar unglunga verið notaðar árlega í landskönnunum að árinu 1996 undanskildu. Á mynd 1 má sjá breytingar á reykingum nemenda í 10. bekk á tímabilinu 1995-2003. Myndin sýnir stærð þriggja hópa sem mikilvægir eru forvörnum gegn reykingum. Til fyrsta hópsins teljast þeir nemendur sem einhvern tíma hafa reykt sígarettu. Reykingamenn framtíðarinnar koma að stórum hluta úr þessum hópi. Því er mikilvægt að fylgjast með fjölda þeirra sem tekið hafa þetta fyrsta skref. Annar hópurinn er sá sem fitlar við reykingar en hefur enn ekki ánetjast nikótíni að því marki að reykja daglega. Þetta er án efa sá hópur sem auðveldast ætti með að hætta reykingum. Því er brýnt að grannt sé með honum fylgst. Þriðja og síðasta hópin fylla þeir nemendur sem reykja daglega. Erlendar rannsóknir benda til að níu af hverjum tíu fullorðnum reykingamönnum hafi byrjað að reykja fyrir átján ára aldur.² Hér er því á ferðinni stór hluti þess hóps sem reykja mun á fullorðinsárum. Heilsutjón af völdum reykinga á fullorðinsárum eykst eftir því sem einstaklingar byrja fyrr að reykja³ og því má ætla að hér sé að finna þann hóp sem hvað sárast mun verða leikinn og hvað þyngstar byrðar mun leggja á íslenskt heilbrigðiskerfi á komandi árum.

¹ Jón Sigurðsson. 1975. Reykingavenjur barna og unglunga í Reykjavík. Reykjavík: Borgarlæknisembættið.

² LC An, PM O'Malley, JE Shulenberg, JG Bachman og LD Johnston. 1999. Changes at the high end of risk in cigarette smoking among US high school seniors 1976-1995. *American Journal of Public Health*, 89, 699-705.

Mynd 1 sýnir að hlutfall þeirra sem hafa einhvern tíma reykt sígarettur um ævina hefur lækkað um fjórðung á tímabilinu 1995-2003. Árið 2003 sögðust 45,9% nemenda í 10. bekk hafa reykt einhvern tíma um ævina. Það er lægsta hlutfall sem fundist hefur síðan mælingar hófust. Af mynd 1 má einnig ráða hversu líklegt er að unglingar sem einhvern tíma hafa reykt ánetjist nikótíni. Um helmingur þeirra sem reykt hafa eina sígarettu hafa jafnframt reykt á síðustu 30 dögum og um þriðjungur þeirra reykir daglega. Árið 1995 hafði um 61% þessa aldurshóps því reykt einhvern tíma um ævina tæp 32% höfðu reykt á síðustu 30 dögum og tæpt 21% reyktu daglega. Til samanburðar höfðu um 46% reykt einhvern tíma um ævina árið 2003, 20% höfðu reykt á síðustu 30 dögum og tæp 14% reyktu daglega.



Mynd 1
Reykingar meðal íslenskra nemenda í 10. bekk 1995-2003

Hlutfall þeirra sem reykt höfðu á síðustu 30 dögum hækkaði raunar lítillega frá 1995 til 1998 en hefur lækkað jafn og þétt á síðustu fimm árum. Þess má geta að lítill munur kemur fram á reykingum pilta og stúlkna en eins og fyrri ár reykja þó heldur fleiri stúlkur en piltar á þessum aldri.

³ CE Bartecchi, TD MacKenzie og RW Schrier. 1994. The human costs of tobacco use. *New England Journal*

Þótt samanburður mismunandi mælinga geti verið varhugaverður er ljóst að reykingar unglinga hafa minnkað mikið á síðustu þrjátíu árum. Hlutfall 16 ára unglinga sem reyktu daglega lækkaði úr 42% árið 1974 í 14% árið 1990. Ákveðið bakslag varð í þessum eignum á tíunda áratugnum og mældust daglegar reykingar 10. bekinga mestar tæp 24% árið 1998. Eftir það dró þó mjög úr reykingum aftur og reyndist útbreiðsla þeirra svipuð árið 2003 og verið hafði þegar best lét árið 1990. Þetta ber vott um ágætan árangur forvarnarstarfs síðustu ára og áratuga á þessu sviði þótt vissulega sé áhyggjuefni að enn hafi nærri annar hver unglingur reykt sígarettur einhvern tímann um ævina.

Upphaf reykinga í einstökum árgöngum

Eitt meginmarkið forvarna gegn reykingum er að koma í veg fyrir að unglingar reyki fyrstu sígarettuna. Erlendar rannsóknir benda til að níu af hverjum tíu fullorðnum reykingarmönnum hafi byrjað að reykja fyrir átján ára aldur.⁴ Enn fremur hefur verið sýnt fram á að heilsutjón af völdum reykinga á fullorðinsárum eykst eftir því sem einstaklingar byrja fyrir að reykja.⁵ Því er mikilvægt að fylgjast grannt með því á hvaða aldursári börn og unglingar byrja að reykja.


Á mynd 2 er lýst á hvaða aldri nemendur í tíunda voru þegar þeir reyktu sígarettu í fyrsta skipti. Elsti árgangurinn á þessari mynd er fæddur árið 1979 og var í 10. bekk þegar fyrsta ESPAD rannsóknin var lögð fyrir árið 1995. Yngsti árgangurinn er fæddur árið 1987 og var í 10. bekk þegar ESPAD rannsóknin 2003 var lögð fyrir. Eins og sjá má höfðu á bilinu 12-13% árganganna sem fæddir voru á tímabilinu 1979-1983 reykt sígarettu ellefu ára gamlir. Þetta hlutfall var á bilinu 21-24% þegar nemendurnir voru tólf ára gamlir, 33-37% 13 ára, 46-51% 14 ára og 55-61% fimmtán ára gamlir. Almennt má sjá að hlutfall þeirra sem einhvern tíma hafa reykt eykst jafnt og þétt og munur árganga er tiltölulega skýr frá unga aldri.

of Medicine, 330, 907-12.

⁴ LC An, PM O'Malley, JE Shulenberg, JG Bachman og LD Johnston. 1999. Changes at the high end of risk in cigarette smoking among US high school seniors 1976-1995. *American Journal of Public Health*, 89, 699-705.

⁵ CE Bartecchi, TD MacKenzie og RW Schrier. 1994. The human costs of tobacco use. *New England Journal of Medicine*, 330, 907-12.

Árgangurinn fæddur árið 1987 var sem fyrr segir í 10. bekk vorið 2003. Af mynd 2 má sjá að þessi árgangur er frábrugðinn öðrum árgöngum hvað reykingar varðar. Strax á 11. aldursári voru börn í þessum árgangi ólíklegri til að hafa reykt en börn í fyrri árgöngum. Þessi munur frá fyrri árgöngum eykst með hækkandi aldri. Um 11% þessa yngsta árgangsins höfðu reykt 11 ára gamlir sem er 2% lægra en meðaltal fyrri ára. Tólf ára var




Mynd 2

Hlutfall nemenda í 10. bekk 1995-2003 sem hefur reykt sigarettur á aldrinum 11-15 ára

hlutfallið 18% sem var 5% undir meðaltali. Þrettán ára hafði 26% þessa árgangs reykt eða 5% undir meðaltali og fjórtán ára hafði 37% árgangsins reykt eða 11% undir meðaltali. Þegar þessi árgangur varð 15 ára hafði alls 46% unglिंगanna einhvern tíma reykt sigarettu sem var 14% undir meðaltali árganga fæddra 1979-1983. Af mynd 2 að dæma má ætla að minni reykingar nemenda í 10. bekk árið 2003 megi að hluta rekja til minna fíks þessa árgangs í 6.-9. bekk á árunum 1999-2002. Það er vísbending um að forvarnarstarf á þessu tímabili sé nú að skila árangri. Færri börn og unglingar hafa reykt á öllum aldursárum í þessum árgangi en í fyrri árgöngum. Heilsutjón þessa árgangs vegna reykinga á fullorðinsárum mun að líkindum verða mun minna en þeirra árganga sem á undan komu.

Breytingar á reykingavenjum 10. bekkinga

Mynd 3 sýnir breytingar á reykingavenjum nemenda í 10. bekk frá 1995 til 2003. Gular súlur sýna hlutfall nemenda sem hafa reykt en reykja ekki lengur og grænar súlur hlutfall þeirra sem aldrei hafa reykt. Samanlagðir samsvara þessir tveir hópar þeim unglingum sem teljast ekki reykja. Þeir hópar sem teljast reykja eru annars vegar afmarkaðir með rauðum súlum sem sýna hlutfall þeirra sem reykja stundum og hins vegar með svörtum súlum sem stendur fyrir hlutfall þeirra sem reykja daglega.



Mynd 3
Breytingar á reykingavenjum 10. bekkinga 1995 - 2003

Niðurstöðurnar leiða í ljós að þeim unglingum sem aldrei hafa reykt hefur fjölgað jafnt og þétt. Árið 1995 höfðu 39% unglunga aldrei reykt. Þetta hlutfall var 44% árið 1999 og er komið upp í 54% árið 2003. Árið 1995 hafði því umtalsverður meirihluti unglunga einhvern tímann reykt sigarettur en árið 2003 átti það í fyrsta sinn við um innan við helming unglunganna. Þeim unglingum sem hafa reykt en eru hættir því hefur jafnframt fækkað úr tæpum 30% árið 1995 í 26% árið 2003. Reyklausum unglingum hefur því samanlagt fjölgað úr tæplega 69% árið 1995 í 80% árið 2003.


Að sama skapi fækkar þeim sem reykja stundum úr tæpum 11% árið 1995 í rúm 6% árið 2003 og þeim sem reykja daglega fækkar úr tæplega 21% í tæp 14%. Samanlagt

hlutfall þeirra, sem teljast reykja lækkar þannig úr tæplega 32% árið 1995 í rúmlega 28% árið 1999 og 20% árið 2003.

Þessar niðurstöður styrkja enn þá mynd sem hér hefur verið dregin upp. Þeir nemendur sem voru í 10. bekk vorið 2003 reykja minna en forverar þeirra. Þeir eru líklegri til að hafa aldrei reykt og ólíklegri til að hafa byrjað að reykja en hætt því síðar. Þeir eru ólíklegri til að reykja stundum og ólíklegri til að reykja daglega. Þótt nokkuð langt sé í land með það að íslenskir unglingar verði reyklausir með öllu hefur því stefnt í rétta átt á undanförunum árum.

II. ÁFENGISNEYSLA MEÐAL NEMENDA Í 10. BEKK GRUNNSKÓLA

Kannanir á áfengisneyslu nemenda í tíunda bekk grunnskóla hafa verið gerðar nokkuð reglulega frá árinu 1984. Þær leiða í ljós að frá árinu 1984 til ársins 1989 lækkaði hlutfall nemenda í tíunda bekk sem sögðust hafa neytt áfengis úr rúmlega 81% árið 1984 niður í um 70% árið 1989.⁶ Eftir það jókst það hlutfall að nýju og árin 1992 og 1995 var hlutfallið orðið svipað því sem verið hafði árið 1984.



Mynd 4
Áfengisneysla meðal nemenda í 10. bekk 1995-2003

Mynd 4 sýnir að hlutfall nemenda í 10. bekk sem einhvern tíma hafa smakkað áfengi breyttist lítið sem ekkert frá 1995 til 2001. Um fjórir af hverjum fimm unglingum hafði einhvern tíma bragðað áfengi og hefur það hlutfall lítið breyst allt frá árinu 1984. Það er því ljóst að flestir Íslendingar hafa smakkað áfengi við lok grunnskóla. Þess má þó geta að mun fleiri unglingar hafa smakkað áfengi á þessum aldri í flestum öðrum Evrópulöndum.⁷

⁶ Þórólfur Þórlindsson o. fl. 1998.

⁷ B Hibell o.fl. 2001.

Áfengisneysla unglunga tengist margvíslegum vandamálum á borð við slys, ofbeldi, kynsjúkdóma og námserfiðleika. Jafnframt tengist hún slæmum tengslum við fjölskyldu⁸ og spáir fyrir um áfengisvanda síðar á lífsleiðinni⁹. Á tímabilinu 1995 til 1999 sögðust um 63-64% nemenda í 10. bekk hafa orðið drukknir um ævina. Þetta hlutfall lækkaði marktækt í 57% árið 2000 og 53% árið 2002. Árið 2003 höfðu 53,8% orðið drukknir um ævina og er það ekki marktæk breyting frá fyrra ári.

Árið 2003 sögðust tæp 28% unglunganna hafa orðið drukknir á síðustu 30 dögum og er það lægra hlutfall en fundist hefur í flestum könnunum. Þessi mæling er næm fyrir áhrifum frídaga, prófa og annarra tilefna til áfengisdrykkju unglunga og því nokkuð sveiflukennnd. Sé litið til tímabilsins í heild sést þó að hlutfall þeirra sem hafa orðið drukknir síðustu 30 daga hefur lækkað um 2,2 prósentustig á ári að jafnaði frá um 46% árið 1995 og niður í um 28% árið 2003.

Niðurstöður þessara rannsókna benda til að áfengisneysla kynjanna hafi breyst nokkuð á undanförunum árum. Fyrri rannsóknir bentu jafnan til þess að piltar neyttu meira áfengis en stúlkur. Árið 1999 brá hins vegar svo við að ekki fannst marktækur munur á neyslu kynjanna. Eftir það hafa stúlkur reynst neyta áfengis í meira mæli en piltar. Árið 2003 kváðust 30% stúlkna en 25,7% pilta hafa orðið drukkin síðustu 30 daga og er sá munur tölfræðilega marktækur. Áfengisneysla pilta og stúlkna virðist því ekki að öllu leyti þróast með sama hætti og mismunandi skýringar gætu legið þar að baki. Þessar breytingar gætu haft mikilvæg áhrif á forvarnarstarf komandi ára og brýnt er að frekari rannsóknir leiti skýringa á þeim.


⁸ Þóroddur Bjarnason. 2000. Adolescent substance use: A study in Durkheimian sociology. Notre Dame, IN: University of Notre Dame.

⁹ JD Hawkins, JW Graham og E Maguin. 1997. Exploring the effects of age on alcohol use initiation and psychosocial risk factors on subsequent alcohol misuse. *Journal of Studies on Alcohol*, 58, 280-90; W Pedersen og A Skrandal. 1998. Alcohol consumption debut: Predictors and consequences. *Journal of Studies on Alcohol*, 59, 32-42.

Upphaf áfengisdrykkju í einstökum árgöngum

Rannsóknir hafa sýnt að því fyrir sem unglingar hefja áfengisneyslu því líklegra er að þeir eigi við alvarleg drykkjuvandamál að stríða síðar á ævinni.¹⁰ Mikilvægi þess að seinka upphafi áfengisneyslu meðal unglunga er því ótvírætt. Á undanförunum árum hefur forvarnarstarf á Íslandi því beinst sérstaklega að því að draga úr áfengisneyslu meðal yngri aldurshópa.

Á mynd 5 má sjá hvaða breytingar hafa orðið á upphafi drykkju nemenda í einstökum árgöngum fæddum 1979 til 1987. Lítil munur er á því hvenær nemendur fæddir 1979 til 1983 urðu fyrst drukknir. Innan við 3% segjast hafa orðið drukknir ellefu ára eða yngri og 6-9% kváðust hafa orðið drukknir tólf ára eða yngri. Í þessum árgöngum höfðu 18-22%



Mynd 5

Hlutfall nemenda í 10. bekk sem höfðu orðið drukknir á aldrinum 11-15 ára

nemenda orðið drukknir þrettán ára, 39-45% höfðu orðið drukknir 14 ára og 62-64% höfðu orðið drukknir fyrir 15 ára aldur.

Á aldrinum 11-13 ára var árgangurinn fæddur 1987 ekki marktækt frábrugðinn fyrri árgöngum, en unglingar í þessum árgangi voru marktækt ólíklegri til að hafa einhvern tíma orðið drukknir við 14 og 15 ára aldur. Meðal þessara nemenda í 10. bekk voru 2003 höfðu

¹⁰ JD Hawkins, JW Graham og E Maguin. 1997.; W Pedersen og A Skronnal. 1998


tæp 36% einhvern tíma orðið drukknir þegar þeir urðu 14 ára samanborið við tæp 42% í árgöngunum 1979 til 1983. Þegar nemendur í 1987 árganginum urðu 15 ára höfðu rúm 52% þeirra einhvern tíma orðið drukkin samanborið við 63% að meðaltali í árgöngunum 1979 til 1983.

Þessar niðurstöður má túlka á tvo vegu. Annars vegar má vera að áfengisneysla eldri unglunga fari minnkandi og því hafi marktækt færri unglingar fyrst orðið drukknir 14 eða 15 ára. Í því tilviki mætti leiða að því getum að forvarnarstarf á þessu sviði nái betur til eldri unglunga en þeirra sem yngri eru. Hins vegar kann að vera að áfengisneysla hafi minnkað í öllum aldurshópum á síðustu 2 árum og árgangurinn fæddur 1987 hafi orðið fyrir svipuðum áhrifum og aðrir aldurshópar á þeim árum. Sé raunin sú má búast við minni áfengisneyslu meðal yngri aldurshópa í rannsóknum næstu ára.

Breytingar á áfengisdrykkju 10. bekkina

Mynd 6 sýnir breytingar á áfengisdrykkju nemenda í 10. bekk frá 1995 til 2003. Þeim sem aldrei hafa drukkið áfengi fjölgaði úr tæpum 21% árið 1995 í tæp 25% árið 2003. Þeim sem einhvern tíma höfðu drukkið áfengi en aldrei orðið drukknir fjölgaði úr 15% árið 1995 í rúm 21% árið 2003. Samtals fjölgaði þeim sem aldrei höfðu orðið drukkin úr tæpum 36% árið 1995 í rúm 46% árið 2003. Hér er á ferðinni umtalsverð breyting á áfengisdrykkju unglunga. Í dag hafa fleiri unglingar aldrei drukkið áfengi og fleiri unglingar hafa drukkið áfengi án þess að verða drukknir. Því virðist sem bæði útbreiðsla og umfang áfengisdrykkju fari minnkandi í þessum aldurshópi.


Á mynd 6 má einnig sjá hlutfall þeirra sem drukkið höfðu áfengi á síðustu 30 dögum árin 1995, 1999 og 2003. Þessi hópur hefur minnkað lítilsháttar á þessu tímabili eða úr 56% árið 1995 í tæp 54% árið 2003. Á sama tíma hefur ölvun hins vegar minnkað talsvert innan þessa hóps. Árið 1995 höfðu tæp 46% allra unglunga orðið drukkin á síðustu 30 dögum en tæp 28% árið 2003. Þeim sem drukkið höfðu á síðustu 30 dögum án þess að verða ölvuð hafði fjölgað að sama skapi úr rúmum 10% árið 1995 í tæp 26% árið 2003. Fjöldi þeirra sem drukkið höfðu á síðustu 30 dögum virðist því lítið hafa breyst á þessu tímabili en hlutfall þeirra sem verða drukknir hefur hins vegar lækkað umtalsvert.



Mynd 6
Breytingar á drykkjumynstri nemenda í 10. bekk 1995 - 2003

Neysla íslenskra unglunga á mismunandi tegundum áfengis hefur breyst umtalsvert á síðustu árum.¹¹ Með lögleiðingu bjórsins á Íslandi árið 1989 jókst neysla hans meðal unglunga mjög og nokkuð dró úr neyslu unglunga á sterku áfengi. Á mynd 7 má sjá þær breytingar sem orðið hafa á neyslu íslenskra unglunga á mismunandi tegundum áfengis á síðustu árum. Árið 1995 höfðu tæp 52% unglunganna drukkíð bjór á síðustu 30 dögum en það hlutfall hafði lækkað í tæp 43% árið 2003. Neysla unglunganna á sterku áfengi á síðustu 30 dögum minnkaði með sama hætti úr tæpum 49% í rúm 31% á þessu tímabili. Neysla unglunganna á léttvíni minnkaði úr rúmum 31% árið 1995 í tæp 19% árið 1999 og breyttist lítið til ársins 2003. Þessar niðurstöður benda til þess að neysla á öllum tegundum áfengis hafi dregist saman meðal íslenskra unglunga á tímabilinu 1995 til 2003.

¹¹ Þórólfur Þórlindsson o.fl., 1998.




Mynd 7

Hlutfall nemenda í 10. bekk sem drukkið hafa mismunandi tegundir áfengis sl. 30 daga

Mynd 8 sýnir loks hlutfall nemenda sem drukkið höfðu heimabruggað eða smyglað áfengi síðastliðna 30 daga vorið 2003. Þar kemur fram að hlutur ólöglegs bjórs í heildarbjórneyslu unglunga er lítill. Tæplega 42% nemenda höfðu drukkið bjór síðastliðna 30 daga, en aðeins rúm 3% sögðust hafa drukkið heimabruggaðan bjór og tæp 5% smyglaðan bjór á því tímabili. Eins og fram hefur komið er hlutur léttvins í áfengisneyslu unglunga tiltölulega lítill en heimaframleiðsla virðist eiga drjúgan skerf af þeirri neyslu sem þó er um að ræða. Rúmlega 19% nemenda höfðu drukkið léttvín af einhverju tagi síðastliðna 30 daga, en tæplega 6% höfðu drukkið heimabruggað léttvín. Neysla á smygluðu léttvíni er hins vegar næsta fátíð.

Langmestur hluti þess heimabruggaða áfengis sem unglingar neyta er sterkt áfengi eða „landi“. Ríflega sjötti hver unglungur í 10. bekk kveðst hafa drukkið heimabruggað sterkt áfengi síðastliðna 30 daga. Þessi fjöldi er vel ríflega helmingur þess hóps sem segist hafa drukkið sterkt áfengi af einhverju tagi á sama tímabili. Smyglað sterkt áfengi er algengasta tegund smyglaðs áfengis meðal unglunga. Neysla unglunga á smygluðu sterku áfengi er þó

aðeins tæplega þriðjungur á við neyslu þeirra á sterku heimabruddi og aðeins um fimmti hluti á við heildarneyslu þeirra á sterku áfengi.



Mynd 8
Hlutfall nemenda í 10. bekk sem drukkidd höfðu heimabrudd eða smyglað áfengi síðastliðna 30 daga

III. NEYSLA ÓLÖGLEGRA VÍMUEFNA MEÐAL NEMENDA Í 10. BEKK


Viðbrögð almennings við fyrri rannsóknum á neyslu 15-16 ára íslenskra unglunga á ólöglegum vímuefnum hafa skipst mjög í tvö horn. Annars vegar hafa þær upplýsingar að tiltölulega hátt hlutfall unglunga hafi prófað slík efni skotið ýmsum skelk í bringu og hafa ýmsir orðið til þess að lýsa yfir neyðarástandi á þessu sviði. Hins vegar hafa margir bent á að sárafáir unglingar neyti ólöglegra vímuefna að staðaldri og telja að tölur um fjölda þeirra sem einhvern tíma hafa prófað þau séu afar gagnslitlar og misvísandi.

Hvort tveggja er nokkuð orðum aukið. Reglulegir neytendur ólöglegra vímuefna eru vissulega fáir meðal íslenskra unglunga á þessum aldri og í þessum niðurstöðum er að langmestu leyti um að ræða svonefnda „tilraunaneytendur“ en ekki hóp sem reglulega neytir slíkra efna. Fæstir þeirra unglunga, sem hér um ræðir eiga því við eiginlegan vímuefnavanda að stríða enn sem komið er og tiltölulega fáir þeirra verða reglulegir neytendur þegar fram líða stundir.

Hins vegar tákna þetta ekki að tölur um fjölda þeirra sem prófað hafa hvers konar efni séu gagnslitlar. Í fyrsta lagi er í sumum tilvikum um að ræða efni sem valdið geta varanlegum skaða í fyrsta skipti sem þeirra er neytt. Að því leyti má líta á þessar upplýsingar sem tölur um áhættuhegðun unglunga. Í öðru lagi koma reglulegir neytendur í eldri aldurshópum að miklum hluta úr röðum þeirra sem á unglingsárum töldust vera „tilraunaneytendur“. Þær tölur sem hér eru kynntar veita því ákveðna vísbendingu um þróun reglulegrar neyslu meðal fullorðinna þegar þessir aldurshópar vaxa úr grasi. Í þriðja lagi er neysla unglunga á ólöglegum vímuefnum allgóður mælikvarði á útbreiðslu einstakra fíkniefna í þjóðfélaginu á hverjum tíma.

Tölur um útbreiðslu þess að „sniffa“ lím eða önnur slík auðfengin efni hafa nokkra sérstöðu að þessu leyti. Framboð slíkra efna er nánast óþrjótandi og því er aðallega um sveiflur í eftirspurn að ræða. Jafnframt virðist notkun slíkra efna algengari meðal barna og unglunga sem eru í yngri hópum en þessar kannanir ná til. Hlutfall þeirra sem slíkt hafa gert er því einkum mælikvarði á „sniff“-neyslu þessa árgangs nokkrum árum fyrir könnun. „Sniff“-neyslan var því í mörgum tilvikum undanfari annarrar neyslu sem hér kemur fram.

Á mynd 9 má sjá hlutfall þeirra nemenda í 10. bekk sem einhvern tíma hafa prófað helstu ólöglegu vímuefnin meðal unglunga á árabílinu 1995 til 2003.



Mynd 9
Neysla ólöglegra vímuefna meðal nemenda í 10. bekk 1995-2003

Eldri kannanir á hassneyslu unglunga hafa leitt í ljós að milli ára 1984 og 1989 lækkaði mjög hlutfall nemenda sem sögðust hafa prófað hass eða úr 8% 1984 niður í 4% árið 1989¹². Í upphafi áratugarins hækkaði þetta hlutfall hins vegar aftur í rúmlega 7% árið 1992.

Efsta línan á mynd 9 sýnir þróun hassneyslu 1995-2003. Rétt er að benda á að langflestir unglingar hafa aldrei prófað nokkurt þeirra efna sem hér um ræðir. Í ljós kemur að árið 1995 mældist hlutfall nemenda í 10. bekk sem höfðu prófað hass vera 10%, sem þá var hæsta hlutfall sem mælt hafði frá því að fyrstu rannsóknir á þessu efni voru gerðar hérlendis um 1970¹³. Árið 1997 hafði þetta hlutfall aukist í 13% og árið 1998 mældist hlutfallið vera rúmlega 17%. Breytingar milli kannana eru tölfræðilega marktækar á milli

¹² Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998.


¹³ Þóroddur Bjarnason 1992.

áranna 1995 og 1999. Árið 1999 verður hins vegar vart við samdrátt í hassneyslu í fyrsta sinn í tíu ár. Neyslan mældist þá rúmlega 15% sem er marktækt lægra en árið á undan. Árið 2000 mælist enn minni hassneysla meðal nemenda í 10.bekk eða um 11,6%. Nú síðustu árin (2001-2003) hafa mælingar á hassneyslu sveiflast á milli 11,4-13,1% og sú sjáanlega aukning á milli áranna 2002 og 2003 er ekki tölfræðilega marktæk.

Í ljós kemur að neysla „sniff“-efna hefur þróast á annan hátt en notkun annarra ólöglegra vímuefna. Ólíkt öðrum efnum lækkaði hlutfall þeirra, sem neytt höfðu „sniff“-efna marktækt úr 10% árið 1995 í 8% 1997. Neyslan jókst aftur í liðlega 12% árið 1998 og mældist tæplega 11% árið 1999 og 7% árin 2001 og 2002. Nú árið 2003 er mælist neysla sniffefna sú sama og mældist árið 1999. Þrátt fyrir talsverðar og tölfræðilega marktækar sveiflur í hlutfalli þeirra, sem höfðu „sniffað“ á þessu tímabili, mælist neyslan nánast hin sama árin 1995, 1999 og aftur nú árið 2003. Þetta endurspeglar sérstöðu þessarar neyslu sem er mjög háð nokkurs konar tískustraumum meðal barna og yngri unglinga.

Næst neðsta línan á mynd 9 sýnir hve hátt hlutfall nemenda í tíunda bekk sagðist hafa prófað amfetamín eða „spítt“ í könnunum frá 1995 til 2003. Sjá má að þetta hlutfall eykst úr 2,5% árið 1995 í 4,6% árið 1997 og fer upp í 7% árið 1998. Verulega dregur úr því árið 1999. Til ársins 1999 er um marktækar breytingar á neyslu amfetamíns að ræða en árin 1999-2003 eru um óverulegar breytingar sem ekki eru tölfræðilega marktækar. Neðsta lína sýnir svo loks þróun í neyslu e-töflunnar á árabílinu 1995 til 2003. Slík neysla hefur verið lítil meðal nemenda í 10. bekk frá því að fyrst var spurt um hana árið 1995. Aukningar verður vart, úr 1,6% árið 1995 í 3,4% árið 1998 og er það tölfræðilega marktæk breyting. Árið 1999 er neyslan hins vegar nánast hin sama og verið hafði árið 1995 en síðustu árin hefur neyslan aukist í 1,8% 2000, 1,7% árið 2001, 2,4% árið 2002 og nú árið 2003 2,3%.


Á mynd 10 má sjá hlutfall nemenda fæddra 1979-1987 sem prófuðu hass í fyrsta sinn 11 til 15 ára gamlir.



Mynd 10
Hlutfall nemenda í 10. bekk 1995-2003 sem prófað höfðu hass 11-15 ára

Í ljós kemur að frá 13 ára aldri voru nemendur fæddir 1979 lægri að þessu leyti en þeirrárgangar sem á eftir honum komu. Hækkandi hlutfall þeirra nemenda í 10. bekk sem prófað hafa hass skýrist því ekki einvörðungu af neyslu þeirra það aldursár heldur byrjar hún að skilja á milli árganga að þessu leyti tveimur árum fyrr. Á myndinni sést einnig að árgangur fæddur 1982 hefur alla tíð verið nokkru hærra í hassneyslu en aðrir árgangar og að hassneysla árganga 1981 og 1983 hefur verið nánast hin sama fram til 13 ára aldurs. Eftir það jókst neysla þess árgangs sem var í 10. bekk vorið 1999 hraðar en þess sem var í 10. bekk vorið 1997 og eins og komið hefur fram hér að ofan er hassneysla meðal fyrrnefnda árgangsins hin næstmesta sem mælst hefur. Hver svo sem ástæðan er þá virðist 1987 árgangurinn fylgja nokkru öðri mynstri eftir aldri en fyrri árgangar. Þó hlutfall 1987 árgangsins sem prófað hefur hass við 15 ára aldur sé vissulega nokkru hærra en 1979 árgangsins þá stefndi í mun meiri neyslu þegar árgangurinn var 14 ára.

Mynd 11 sýnir hlutfall nemenda sem telja ólögleg vímuefni hættuleg. Árið 1995 taldi rúmlega 71% nemenda hættulegt að reykja hass einu sinni eða tvisvar. Árið 1999 eru það aftur á móti rúmlega 67% og er þetta marktækt lægra hlutfall nú árið 2003 er sambærilegt hlutfall komið niður í 65,2%. 1995 og 1999 kom þá ekki á óvart í ljósi þeirrar aukningar sem orðið hefur á hassneyslu nemenda á milli þessara ára. Lækkunin árið 2003 er ekki tölfræðilega marktæk en hugsanlega má rekja hana að einhverju leiti til nýlegrar umræðu um lögleiðingu á neyslu kannabis.



Mynd 11
Hlutfall nemenda í 10. bekk sem telja ólögleg vímuefni hættuleg

Heldur færri nemendur árið 2003 telja skaðlegt að sniffa í eitt eða tvö skipti, nota hass í eitt eða tvo skipti eða prófa amfetamín í eitt eða tvö skipti miðað við svör jafnaldra þeirra árið 1999. Breytingin á viðhorfi til þess að prófa hass er ekki tölfræðilega marktæk á milli 1999 og 2003 en aðra sögu er að segja til viðhorfa til sniffefna og amfetamíns. Hlutfall þeirra sem telja það að prófa hass 1-2 skipti lækkar um rúm 5 prósentustig frá 1995 til 2003. Viðhorf til sniffs er svipuð árið 2003 og var 1995 en tölurverðan mun má sjá á milli árunna

1999 og 2003. Mestar breytingar sjást á viðhorfi til neyslu amfetamíns þar sem lækkun á milli áráanna 1999 og 2003 er um 6 prósentustig og gengur nú til baka sú breyting sem sást á milli áráanna 1995 og 1999.

Viðhorf unglínga til skaðsemi þess að neyta vímuefna getur haft mikil áhrif á líkur þess að unglíngar hefji neyslu. Seljendur ólöglegra vímuefna sjá sér beinan hag að markaðsetja efnið sem skaðlaust eða skaðlítið á meðan forvarnarstarf byggist m.a. á uppfræðslu um skaðsemi ýmissa efna. Það skítur þá nokkuð skökku við að hluti ungs fólk skuli taka inn efni sem það veit ekki hvað er. Í könnuninni 2003 var spurt hversu oft nemendur hefðu tekið inn efni sem þeir vissu ekki hvað var og reyndust 4% nemenda í 10. bekk árið 2003 hafa tekið inn slíkt efni. Ekki er ljóst hverjar aðstæðurnar unglínganna voru í slíkum tilfellum en telja má líklegt að þrýstingur jafningjahópsins hafi átt einhvern hlut að máli.


Læknar hafa í auknum mæli ávísað rítalíni sem hluta af meðferð á ofvirkni. Nú hefur söluverð á rítalíni verið birt í lista yfir ólögleg vímuefni frá árinu 2000 samkvæmt vefsíðum Sambands áhugafólks um áfengis- og vímuevandann. Það bendir til að eitthvert magn þessa efnis sé að jafnaði til sölu utan löggiltra lyfsöluverslana. Til að kanna hvort og hversu algengt sé að rítalíns sé neytt af unglíngum var spurt árið 2003 hvort nemendur hafi notað rítalín án lyfseðils læknis. Alls segjast 7,5% nemenda hafa notað rítalín án lyfseðils einhvern tíma á ævinni og er neyslan heldur algengari hjá piltum (8,3%) en stúlkum (6,8%).

IV. AÐGENGI AÐ TÓBAKI, ÁFENGI OG ÖÐRUM VÍMUEFNUM

Nokkuð er um að kannað sé hvort reglum um bann við tóbakssölu til unglunga sé fylgt eftir. Telja má víst að hertar reglur og eftirlit síðustu áratuga fækki þeim stöðum sem selja tóbak til unglunga sem ekki hafa aldur til. Þegar 13,6% nemenda í 10. bekk reykja daglega er ljóst að sölubann hefur ekki fyllilega þau áhrif sem æskilegt er. Auk tóbakskaupa beint úr verslun er hugsanlegt að nemendur í 10. bekk fái eldra fólk til að kaupa tóbak fyrir sig.

Í könnuninni 2003 var spurt hversu oft nemendur hefðu keypt sér sígarettur í söluturni eða annarri verslun. Rétt rúm 20% nemenda sögðust hafa keypt sér sígarettur einu sinni eða oftár síðasta ár og 14% síðustu 30 daga. Loks kemur í ljós að 77% þeirra sem segjast hafa reykt eitthvað síðastliðinn mánuð hafa sjálf keypt tóbak til eigin nota á sama tímabili.

Þetta háa hlutfall unglunga sem kaupir sígarettur til eigin nota endurspeglast í því háa hlutfalli unglunga á mynd 12 sem telja fremur eða mjög auðvelt að útvega sér sígarettur ef þau kæra sig um en tæp 84% nemenda í 10. bekk sögðu að það væri mjög eða fremur auðvelt að útvega sér sígarettur ef þeir kærðu sig um. Aðgengi unglunga að tóbaki hefur heldur minnkað frá 1999. Ekki var spurt um aðgengi unglunga að sígarettum í ESPAD könnuninni árið 1995.



Mynd 12


Hlutfall nemenda í 10. bekk sem telja fremur eða mjög auðvelt að útvega sér ýmis vímuefni ef þau kærðu sig um.

Á sama hátt var spurt hversu auðvelt þau teldu að það sé að útvega áfengi og ýmsum ólöglegum vímuefnum ef þau kærðu sig um. Mynd 12 sýnir að aðgengi íslenskra unglunga að áfengi hefur minnkað samfara minnkandi áfengisneyslu frá 1999. Aðgengi að hassi, e-töflum og amfetamíni hefur minnkað nokkuð frá 1999 þó það sé umtalsvert hærra nú en árið 1995.

Á mynd 13 má sjá hlutfall nemenda sem telja sig auðveldlega geta keypt hass á tilteknum stöðum og er nemendum skipt eftir því hvort þeir hafa aldrei reykt hass, hafa einhvern tíma reykt hass eða reykt hass tíu sinnum eða oftar.

Í ljós kemur að rúmlega 61,4% þeirra sem hafa aldrei reykt hass telja sig ekki geta útvegað sér það auðveldlega, rúm 17% þeirra sem hafa reykt hass telja slíkt hið sama en

aðeins tæplega 6% þeirra sem hafa reykt hass tíu sinnum eða oftar. Af þessum svörum má ráða að framboð af hassi meðal tíundu bekkinga sé umtalsvert. Erfitt er að meta mikilvægi þess að rúmlega helmingur þeirra sem aldrei hafa reykt hass segist geta útvegað sér það. Þessi hópur hefur aldrei útvegað sér efnið og er því e.t.v. ekki fyllilega dómbær um hversu auðfengið það er. Engu að síður veitir það hugboð, sem þessi hópur hefur um framboð á hassi ákveðna vísbendingu um útbreiðslu þess í samfélagi unglunga.



Mynd 13

Hlutfall nemenda í 10. bekk sem telja sig auðveldlega geta keypt hass á tilteknum stöðum

Líta má svo á að þeir unglingar sem reykja hass séu dómbærastir um framboð á efninu sem og þá staði þar sem hægt er að fá það keypt en tæplega 82% þeirra unglunga, sem einhvern tíma hafa reykt hass, telja sig geta auðveldlega útvegað sér það. Rúm 46% þessa hóps telur sig vita um dópsala þar sem efnið er til sölu og um fimmtungur telur sig geta keypt það á skemmtistöðum og úti við. Um 11% þeirra, sem hafa reykt hass, telja sig geta keypt efnið í eða við skólann sinn.

Af þeim hópi sem reykt hefur hass 10 sinnum eða oftar telja rúm 94% sig auðveldlega geta útvegað efnið. Í þessum hópi telja flestir, rúm 62%, sig vita um húsnæði dópsala þar sem hægt sé að kaupa hass. Nálægt fjórðungur telja sig geta keypt hass á skemmtistöðum

og úti við og um 14% þeirra sem reykt hafa hass 10 sinnum eða oftar telja sig geta keypt efnið í skólanum.

Nemendur í 10. bekk telja almennt auðvelt fyrir sig að kaupa hass. Því oftar sem þeir hafa reykt það sjálfir þeim mun auðveldara telja þeir að útvega það. Lítil munur er þó á því hversu auðveldlega þeir telja sig geta keypt hass á skemmtistöðum. Tæp 24% þeirra, sem aldrei hafa reykt hass telja sig geta keypt það á skemmtistöðum en um 28% þeirra sem hafa reykt hass 10 sinnum eða oftar. Mestur munur er hins vegar á hlutfalli þeirra sem telja sig geta keypt hass í húsnæði dópsala. Um fimmtungur þeirra sem aldrei hafa reykt hass telur sig vita um slíkan stað, um 47% þeirra, sem einhvern tíma hafa reykt hass og rúm 62% þeirra sem reykt hafa hass 10 sinnum eða oftar.

Tölur sem þessar benda til að ef vilji er til staðar eiga nemendur í 10. bekk tiltölulega auðvelt að nálgast vímuefni eins og hass og því líklegt að nokkuð sé til af slíku efni. Þó ber að varast að túlka þessar tölur sem öruggar mælingar á framboði vímuefna vegna þess hve sterkt tengsl þess að útvega efnin eru við neyslu nemenda.